

Formannafundur ÍF 17. apríl 2010 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mættu á fundinn:

Stjórn ÍF: Sveinn Áki Lúðvíksson (SÁL) formaður ÍF, Þórður Árni Hjaltsted (ÞÁH) gjaldkeri, Jóhann Arnarson (JA) ritari, Ólafur Þór Jónsson (ÓPJ) meðstjórnandi, Svava Árnadóttir (SÁ) varastjórn, Gunnar Einar Steingrímsson (GES) varastjórn.

Starfsfólk ÍF: Ólafur Magnússon (ÓM), Anna Karólína Vilhjálmadóttir (AKV), Jón Björn Ólafsson (JBO)

Formenn/fultrúar félaga:

Petrína Sigurðardóttir – NES

Ólöf Guðmundsdóttir – Þjótur

Sigurleif Þorsteinsdóttir – Snerpa

Rúnar Arnarson – Ívar

Björn Valdimarsson – ÍFR

Garðar Steingrímsson – ÍFR

Guðlaugur Ágústsson – Fjörður

Þór Jónsson – Fjörður

Þorbjörg Vilhjálmadóttir – Suðri

Ólafur Ólafsson – Ösp

Jósep Sigurjónsson – Akur

Haukur Þorsteinsson - Eik

1. Skýrsla ÍF – helstu verkefni frá Sambandsþingi ÍF 2009

- ÓM kynnti stærstu verkefni sem fram komu í skýrslu ÍF frá Sambandsþingi 2009 að Formannafundi 2010
- AKV greindi frá Vetrarólympíumóti fatlaðra í Kanada

2. Frá sundnefnd ÍF – flokkun og lágmörk á sundmótum ÍF

- ÓM kynnti hugmyndir Sundnefndar ÍF varðandi frekari framþróun sundíþróttarinnar meðal fatlaðra s.s. varaðndi flokkaskiptinu þroskaheftra S14, lágmörk á Íslandsmót ÍF og skráningu Íslandsmeta. ÓM hvatti til umræðna um málið á fundinum.

- SÁL sagði að verið væri að gefa þroskaheftum fleiri möguleika á því að fleiri geti unnið til verðlauna. Aðeins þeir bestu og minnst þroskahamlaðir eru þeir sem vinna til verðlauna. Ræddi

um að hækka staðalinn á Íslandsmóti ÍF og að minni mót hjá félögum verði notuð til þess að undirbúa sundfólk fyrir stærsta mótið, Íslandsmót ÍF.

Umræður: lágmarkamót hjá félögum ófatlaðra til að ná tímum, ÞÁH hvetur til þess að sýna traust í garð nefnda ÍF og sundnefndar í þessu tilfalli til að vinna áfram að tillögunni sem og öðrum tillögum. Guðlaugur/Fjörður telur löngu orðið tímabært að breyta flokki S14. ÞÁH greindi einnig frá því að möguleiki væri að bjóða t.d. upp á sundmót eftir reglum SO sem ekki hefði verið gert í lengri tíma hér á landi.

SÁL lagði til að unnið verði frekar að ofangreindum tillögum og hugsanlega gæti verið komnar einhverjar breytingar fyrir næsta Íslandsmót ÍF en það yrði mjög vel kynnt áður en viðkomandi breytingar yrðu teknar í gagnið. Samþykkti fundurinn tillögu SÁL og fól sundnefnd ÍF og stjórn ÍF að vinna áfram að málinu.

3. Frá aðildarfélögum ÍF

- **NES:** greindi frá undirbúningi við Íslandsmótið í einstaklingskeppninni í boccia sem fram fer í Reykjanesbæ í október.

- **Þjótur:** stöðug og jöfn iðkun hjá félaginu

- **Snerpa:** stöðug og jöfn iðkun hjá félaginu

- **Ívar:** bjóða upp á boccia og sund, greindu frá slælegu aðgengi á Ísafirði að flestum íþróttamannvirkjum bæjarfélagsins. Verið að vinna úttekt á aðgengismálum fyrir vestan í umsjón svæðisskrifstofunnar. Hugsanlegt að óskað yrði eftir aðstoð ÍF við nánari úttekt á aðgengismálum á svæðinu. Að öðru leyti sagði formaðurinn bakland Ívars sterkt á svæðinu. Greindu frá því að einnig sé beðið eftir nýrri sundlaug á Ísafirði en ekki útséð með hvenær hún fari í byggingu.

- **ÍFR:** Heldur nú árlega fjögur innanfélagsmót í minningu látinna félaga – með svipaðri umgjörð og Elsumótið – forgjöf svo allir eigi möguleika á sigri. Sterkasti fatlaði maður heims. Viðunandi fjármálastaða hjá félaginu en greindu þó frá erfiðleikum í innheimtu á t.d. æfingagjöldum en þó hafi félagið ekki orðið vart við brottfall.

- **Fjörður:** boccia og sund eru íþróttir félagsins, um 30 iðkendur í boccia og lítil breyting á þessum hóp. Sundið er stærri greinin og sú nýbreytni að þrískipta hópnum hjá félaginu, yngsti hópur, milli hópur og elsti hópur. Í heildina um 45 einstaklingar sem æfa sund hjá félaginu og þetta ár markar eina mestu fjölgun í sögu félagsins. Fjörður vill meina að ástæðan sé að Ásvallalaug og staðsetning hennar geri íþróttina sjáanlegri meðal fatlaðra og ófatlaðra. Halda Fjarðarmótið í sundi og Þorramótið í boccia. Viðunandi fjármálastaða hjá félaginu og niðurgreiðsla á æfingagjöldum frá sveitarfélaginu hjálpa þar til. Aðalfundur félagsins 25. maí 2010.

- **Suðri:** boccia fjölmennasta íþróttin hjá félaginu, einnig er sund og á sumrin er golf og fótbolti í

boði. Vör við vöntun á nýliðun. Samstarf við klúbb ófatlaðra í sundi gekk ekki vel svo Suðri fór af stað með sínar eigin sundæfingar fyrir tveimur árum. Varðandi aðstöðu og tíma hefur íþróttá- og tómstundafulltrúinn á Selfossi verið dyggur stuðningsmaður Suðra í baráttunni um tíma í íþróttahúsunum. Kynnt að fjárhagsstaða félagsins væri ekkert sérstök enda væru æfingagjöldin lág hjá félaginu.

- **Ösp:** Jólamót í öllum greinum í desember ár hvert, maí 2010 er opið sundmót í tilefni af 30 ára afmæli félagsins. Mikið að gerast undanfarið og 8 knattspyrnmenn á leið til Gíbraltar að keppa á 25 ára afmæli SO á Gíbraltar. 4 keppendur í keilu á leið til Danmerkur á SO Festival. Um 140 manns æfa í keilu, boccia, frjálsum, lyftingum, fótbolta og körfuboltaæfingar eru hafnar. Æfingagjöld eru 3000 kr. á mánuði fyrir eina æfingu í viku eða 3500 kr. á mánuði fyrir að mæta á eins margar æfingar og iðkandi vill. Gjöldin í lágmarki svo allir hafi aðgang. Fjárhagur félagsins er ekki sterkur, 14 þjálfarar á launaskrá. Starfið á fullri ferð en peningamálin ekki í góðu lagi.

- **Akur:** Halda tvö innanfélagsmót á ári. Fögnuðu 35 ára afmæli síðasta desember 2009. Hjá félaginu er talsverður hluti ófatlaðra inni í myndinni. Bogfimi íþróttin hefur lagst af og ekkert verið stunduð síðustu tvö ár. Aðstöðubreyting er í kortunum og með nýrri aðstöðu er möguleiki á að hefja að nýju bogfimi æfingar. Búið er að stofna dansdeildina Akur og mót framundan á sama tíma og Hængsmótið, en dansinn er í röðum ófatlaðra. Í röðum fatlaðra er lítil nýliðun.

- **Eik:** Um 35 iðkendur hjá félaginu. Hafa verið að skoða keiluíþróttina. Fjölgun hefur verið í félaginu síðustu misseri. Fyrirliggjandi aðstöðubreyting/bæting næsta vetur. Fjárhagsstaða félagsins stendur vel. ÍF voru færðar sérstakar þakkir fyrir aðstoð við Íslandsmót á Akureyri og gott samstarf undanfarin ár.

- **Ægir:** Rekstur félagsins gengur vel. Hagnaðarrektur á félaginu á síðasta ári og vel haldið utan um klúbbinn í Vestmannaeyjum. Erfitt að ná til yngri iðkenda – koma ekki þrátt fyrir að mikið hafi verið reynt að ná til þeirra. Iðkendatölur standa í stað, hvorki fækkun né fjölgun.

4. Íslandsmót ÍF

ÓM tók til umræðu ýmis mál er tengjast Íslandsmótum ÍF

-Aldursflokkaskipting: boccia sem dæmi þar sem 10-12 ára krakkar keppa á móti fullorðnu fólki (30-60 ára) – er mögulega verið að ýta krökkum of snemma af stað í keppni með fullorðnum.

-Lokahóf: Ein hugmynd í s.b.v. lokahóf ÍF er að hafa það kannski sambærileg og t.d. lokahóf Hængsmótanna. Hvað viljum við? Diskaþjónusta eða hlaðborðsstemmning?

Umræður um þennan lið s.s. varaðndi aldursflokkaskiptingu. Var bent á að nú þegar væru sumar íþróttagreinar með aldurflokkaskiptingu s.s. frjálssar íþróttir. Var skrifstofu ÍF falið að kanna hverjar reglur ÍSÍ væru varaðndi þátttöku barna og unglunga á mótum. Þá kallaði SÁL eftir tillögum í sambandi við við þennan lið fyrir næsta Íslandsmót og málið yrði tekið fyrir í nefnum.

5. Evrópu- og alþjóðaleikar Special Olympics

AKV með kynningu

Evrópuleikar Special Olympics fara fram í Póllandi haustið 2010 og Alþjóðaleikar Special Olympics fara fram í Grikklandi í júní 2011. Tilnefningar hafa borist fyrir 2010 og óskað verður tilnefninga í haust fyrir leikana 2011.

6. Þróunarverkefni – nýjar greinar

AKV fór yfir stöðu mála varðandi þróunarverkefni og samstarf við aðildarfélög og almenn félög eða sérsambönd. Óskaði eftir því að aðildarfélög ÍF tækju aukinn þátt í þróunarstarfi ÍF. Ef félög treysta sér ekki til að bjóða upp á nema afmarkaðar greinar getur staðan orðið sú að þær greinar séu eini valkostur fatlaðra í bæjarfélaginu. Aðildarfélög ÍF geta haft áhrif á þróun á þessu sviði t.d. með samstarfi við almenn íþróttafélög í bæjarfélaginu og með áhrifum í nærsamfélaginu. Óskað aukins samstarfs á þessu sviði í heimabyggð.

7. Íþrótt- og ævintýrabúðir ÍF á Laugarvatni

JBÓ kynnti fyrirhugaðar Íþrótt- og ævintýrabúðir ÍF sem fram eiga að fara 18. – 20. ágúst 2010 á Laugarvatni. Fyrirhugað er að bjóða 10 – 15 hreyfihömluðum einstaklingum á aldrinum 12 – 18 ára að taka þátt með það að markmiði að í þeim hópi mætti finna afreksfólk framtíðarinnar.

Umræður: Hvernig er best að finna aðilana? Íþróttakennarar í bestu aðstöðunni til þess að finna og hvetja áfram þá einstaklinga sem ÍF leitar eftir fyrir viðkomandi búðir. Notast verður við maður á mann aðferðina til að finna einstaklinga í Íþrótt- og ævintýrabúðirnar.

Fögnumdu fundarmenn þessu framtaki sem þætti í nýliðun í íþróttum fatlaðra.

8. Verkefnalisti 2010-2011

Helstu verkefni ársins 2010 og 2011 voru kynnt.

Umræður sköpuðust um hvernig staðið væri að því að kynna hverjir væru valdir í landsliðsverkfeni. Bentu fundarmenn á nauðsyn þess að hafa allar upplýsingar skýrar og skilmerkilegar og þá hvort umræddur aðili þurfi að standa í einhverjum kostnaði o.fl.

9. Endurnýjun samstarfssamninga

Upplýst var að ÍF hefði endurnýjað samninga sína við alla stærstu samstarfs og styrktaraðila sína.

- Í framahaldi af því var Tvennukort Olís kynnt sem fjáröflun fyrir aðildarfélög ÍF.

10. Önnur mál

-**SÁ:** Kynnti að hún ætlaði sér ekki í áframhaldandi stjórn hjá ÍF og hvatti fundinn til að finna unga og hressa konu í hennar stað.

- **Jósep:** Leggur til að næsta Sambandsþing ÍF verði í Vestmannaeyjum og þ.a.l. í leiðinni lagt Ægi lið í aðgengismálum.